

166. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 15. janúar 2009, kl. 10:00 á Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð í tölvu .

Dagskrá

1. Umhleðslu- og flokkunarstöð.

Farið var yfir þá valkosti sem lagðir voru fram á síðasta fundi.
Framkvæmdastjóra falið að láta vinna frekari greiningu á valkosti númer 6, sem fellst í einfaldri umhleðslu á sorpi ásamt jarðgerð og aðstöðu fyrir brotajárn.

2. Kynning á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2009 – 2020.

Svæðisáætlun og umhverfisskýrsla hefur verið auglýst. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði endanlega tilbúin í lok mars.

3. Svæðisáætlun, samstarfsamningur.

Málinu frestað.

4. Önnur mál.

- a) Heimild til sölu Kirkjuferjuháleigu.
Framkvæmdastjóra falið að athuga með kaupverð.
- b) Sorpmagn í desember.
Sorpmagn minnkar um 11.4 % í desember miðað við árið á undan.
- c) Krafa um skaðabætur.
Til kynningar.
- d) Framlenging starfsleyfis.
Umhverfissráðuneyti framlengir starfsleyfi til júlí 2009.
- e) Fundargerð 5. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála.
Til kynningar.
- f) Rafeindaúrgangur.
Tölvupóstur frá sambandi íslenskra sveitarfélaga lagður fram til kynningar.
- g) Fundargerð verkefnisstjórnar svæðisáætlunar frá 17. desember.
Til kynningar.